

# TÍMAHYLKIÐ

## TÍMAHYLKIÐ Í TÍÐ KÓRÓNUNNAR



TÍMAVÉL FRAMTÍÐAR?

### Hvað er tímahylki?

BJÖRG ERLINGSDÓTTIR  
SVEITARSTJÓRI SVARAR:

Tímahylki er sending samtímans til framtíðarinnar þar sem við söfnum frásögnum, myndum og munum í kassa og geymum ósnert þar til kassinn verður opnaður.

Við notum pappír og penna, prentaður texti úr prentara eldist ekki vel, prentum myndir á ljósmyndapappír og vonum að þeir sem opni hylkið eigi góðar stundir og skoði vel það sem við sendum þeim.

Þetta verður eins og að fá gjöf úr fortíðinni þegar fólk sem hefur ekki enn fæðst fer í "ferðalag" um okkar tíma.



LJÓSMYND AF VITANUM Á SVALBARÐSEYRI Í KVÖLDSÓLINNI. LJÓSMYNDARI: HALLDÓRA DÖGG

## Hugmynd verður að veruleika

ANNA HEIÐUR ODDSDÓTTIR  
UMSJÓNARMAÐUR VINABORGAR

Sú hugmynd hefur fæðst innan skólans að skapa afmarkaðan vettvang á heimasíðu hreppsins fyrir sögur og myndir sem tengjast heimsfaraldrinum, eins og hann horfir við íbúum á Svalbarðsströnd. Tímahylkið er blöðungur þar sem starfsmenn, foreldrar og aðrir íbúar geta sagt frá því hvernig starfið gengur í skólanum eða á öðrum vinnustöðum, á heimilum eða í fjósinu og einnig komið með ábendingar varðandi háttalag, vinnulag og annað sem þurfa þykir. Fleygar setningar um ófétis veiruna verða líka vel þegnar.

Svala, staðgengill grunnskólustjóra, tók strax vel í hugmyndina, enda hefur hún verið að setja myndir úr skólastarfinu þessa dagana inn á Facebooksíðu skólans og hvetja kennarana til að gera það sama. Hún ætlar einnig að leita eftir frásögnum frá starfsmönnum, sem vonandi byrja að skila sér á næstu dögum.

Allir hafa að vísu meira en nóg á sinni könnu og það gæti því tekið einhvern tíma fyrir þetta verkefni að rúlla af stað. Við biðjum menn að hafa í huga að frá hverjum og einum þarf þetta ekki að vera langt eða flókið og heldur ekki endilega innlegg í heimsbókmenntirnar.

Björg sveitarstjóri kom með uppástungu, sem er sennilega alls óvitlaus:

“Spurning hvort við tökum þetta ekki skrefi lengra - söfnum myndum og sögum, setjum upp sýningu að ári og setjum svo allt í kassa, tímahylki, og sendum til Þjóðskjalasafnsins. Þeir voru að hvetja krakka og alla til að skrifa minningar fyrir framtíðina. Þetta yrði þá einskonar annáll á tímum kórónu.”

Starfsmenn hreppsins halda utan um þessar greinar. Vonandi getum við skemmt okkur yfir þessu uppátæki og þeir sem hafa áhuga á að deila með sér geta sent Önnu Heiði línu, [anna.heidur@svalbardsstrond.is](mailto:anna.heidur@svalbardsstrond.is)

### Í ÞESSU BLAÐI

**BANGSAR ÚT Í  
GLUGGA**

**SÓTTHREINSI ÓÐIR  
KENNARAR!**

**FJARKENNSLA Í  
VALSÁRSKÓLA**



**HANDRÍÐS-VAKTIN**

*"Öll litlu smáatriðin sem allt í einu eru orðin risastór"*

**SVALA EINARSDÓTTIR  
KENNARI**

"Hér keppast menn við að fara eftir nýjum umgengisreglum eins og að snerta ekki handriðið niður stigann í grunnskólanum því tveir hópar fara um það svæði. Ég stend oft "handriðs vaktina" og er með sóthreinsunarspreybrúsann og tuskuna á lofti.

Dóttir mín segir að margir séu nú alveg að verða búnir að fá nóg af mér, með þetta allt saman en við erum hér í sama hópi nyrst og uppi í skólanum með 7.-10. bekk"

Þetta er stutt saga en mjög lýsandi fyrir það sem við er að etja á hverjum degi, öll litlu smáatriðin sem allt í einu eru orðin risastór. Væri hægt að ná myndum af aðgerðunum til að sýna okkur og/eða kann nokkur að teikna, sem gæti gert þessi móment ódauðleg?

Við vorum að fara út í morgun og Guðfinna ætlaði að fá lánaðan bolta hjá okkur í dag en ég spurði hana bara pent "ætlíð þið að fá boltann frá okkur"? Þá fattaði hún að það gengi nú kannski ekki...

Það er hægur vandi að gleyma sér þegar hafa þarf milljón hluti í huga hvert einasta andartak.



**ÖÐRUVÍSI DAGAR:** Elstu krakkarnir ein úti í frímínútum að spila fótbolta.





**ÖÐRUVÍSI DAGAR:** Alþjóðlegur vöfludagur, 25. mars. Að sjálfsögðu voru gerðar vöflur í tilefni dagsins.



**Harpa Barkardóttir:** Þessir bíða spenntir eftir langferðalöngum í Helgafelli

## Nýjar Einar Áskell bækur?

Nýir bókatitlar hafa skotið upp kollinum á internetinu síðustu daga. Spurning hvort þetta verði metsölubækur um næstu jóla ??



## Bangsar út í glugga

### ANNA KAREN ÚLFARSDÓTTIR VERKEFNASTJÓRI

Þóra Sigríður Torfadóttir fékk fína hugmynd í gær. Nú eru víst allir að setja bangsa út í glugga um allan heim og m.a. hér á Íslandi, sem skemmtilegt uppátæki í þessu leiðindar ástandi.

Þóru datt í hug að kannski væri gaman að hvetja fólk í sveitinni til að skreyta póstkassana sína með bangsa/böngsum og fólkið í þorpinu að setja í gluggana.

Mér finnst þetta prýðishugmynd!



## Fjarkennsla í Valsárskóla

### AUDUR HAFPÓRSDÓTTIR FORELDRI

Hann Eyþór í 4. bekk stundar nú námið sitt að heiman. Um miðjan mars fengum við fyrirmæli frá hans lækni um að nú þyrfti hann að halda sig heima og forðast að hitta annað fólk að óþörfu. Hann er með sjúkdóm sem haldið er niðri með sterkum ónæmisbælandi lyfjum.

Það getur verið erfitt fyrir tæplega 10 ára gutta að geta hvorki leikið við vini sína heima né í skólanum. En tæknin í dag einfaldar þetta til muna þar sem hann „hittir“ bekkjafélaga sína nánast daglega í gegnum fjarfundabúnað og

spilar svo við vinina annað slagið í gegnum leikjatölvuna.

Þær Bryndís og Harpa, kennarar í 3. og 4. bekk, eru ótrúlega duglegar að muna eftir honum og vera með kennslu sem hann getur verið þátttakandi í gegnum fjarfundabúnað. Einnig eru sett verkefni inn á svæði sem hann hefur aðgang að og getur því unnið þau heima.

Nóg hefur hann af námsefni og stöðupróf hafa verið send heim svo hægt sé að meta hvar hann stendur í náminu, þrátt fyrir að hér sé nóg af námsefni þá finnum við ekki fyrir neinni pressu.

Mér finnst þetta algjörlega til fyrirmyndar og ég finn hvað þetta hefur góð áhrif á Eyþór.

Í gær hringdi hann í kennarana til þess að athuga hvort hann mætti ekki vera með í kennslunni, en þá hafði hann ekki fengið neitt fundarboð. Að sjálfsögðu var því reddað í hvelli og hann tengdur í skólastofuna!



Í dag er náttfatadagur í skólanum. Hjá Eyþóri er náttfatadagur alla daga ☺



Táta, sveitarstjórátíkin, horfir löngunar augum á krakkana leika úti.

## Sveitarstjórátíkin

### Þráir að komast út að leika

#### ANNA HEIÐUR ODDSDÓTTIR UMSJÓNARMAÐUR VINABORGAR

Anna Karen sendi mér eftirfarandi í tölvupósti þegar unnið var að efni fyrir þetta blað.

“Ég legg til að þið útvegið myndina af “sveitarstjórátíkinni” þar sem hún sat ein og horfði löngunar augum út um gluggann á hreppsskrifstofunni.”

Þegar ég sá þessa tillögu svelgdist mér óneitanlega á og ég hugsaði: Voðalega er sérkennilegt samband milli þeirra þarna á skrifstofunni, að þetta orð skuli viðhaft um hana Björgu.

Beta hafði tekið umrædda mynd í útivistinni í 1. 2. 5. og 6. bekk á dögnum og mér létti þegar ég sá hana.

## Lífið í Álfaborg þessa dagana

### DÝRLEIF SKJÓLDAL DEILDARSTJÓRI Í ÁLFABORG

Dagurinn byrjar sem sagt á því hjá mér að taka á móti eldri börnunum í forstofunni fram til 8.15 og þá fer ég og sóttreinsa dyrnar, handföng og hliðið og læsi svo dyrum leikskólans.

Dagurinn endar einnig á því að við starfsfólkið þeysumst um með sóttvarnarsprey á lofti og hreinsum alla snertifleti skólans og allt dót og bækur sem krakkarnir hafa leikið með þann daginn.

Hreiðrið er lokað fyrir okkur hinum, þau fá sinn mat og þjónustu í gegnum sínar dyr, og starfsfólkið er komið með kaffistofu í smíðastofunni. Samskiptin við þær eru í gegnum opnar dyr í 2 metra fjarlægð.

Sem betur fer var samþykkt hjá sveitarstjóra að heimila Ragga að kaupa handa okkur súkkulaði og lakkrís þegar hann fór til að versla inn, svo líf okkar verði nú aðeins tilbreytingaríkara :) )



Nýja kaffistofan í smíðastofunni



## BROSUM OG HÖLDUM ÁFRAM AÐ LIFA LÍFINU

## Vorið er á næsta leiti

BJÖRG ERLINGSDÓTTIR  
SVEITARSTJÓRI

Nú þegar snjórinn hefur gefið örlítið eftir birtist okkur vorboðinn sem getur ekki beðið eftir að snjórinn hörfi og sólin nái yfirhöndinni.



Mynd frá okkur Tátu sveitarstjórati í Ráðhúsinu

LÓAN ER TALIN EINN HELSTI VORBOÐINN HÉR Á LANDI  
ÞAR SEM JAFNAN ER VÍSAÐ Í LJÓÐ PÁLS ÓLAFSSONAR;

Lóan er komin að kveða burt snjóinn,  
að kveða burt leiðindin, það getur hún.  
Hún hefur sagt mér, að senn komi spóinn,  
sólskin í dali og blómstur í tún.  
Hún hefir sagt mér til syndanna minna,  
ég sofi of mikið og vinni ekki hót.  
Hún hefir sagt mér að vakna og vinna  
og vonglaður taka nú sumrinu mót.

## TÍMAHYLKIÐ Í TÍÐ KÓRÓNUNNAR



## SVALBARÐSSTRÖND

*“Góð orð eru mikils verð en  
kosta lítið”*

Gaman væri að fá fleiri spakmæli send á netfangið:  
anna.heidur@svalbardsstrond.is